



Alþingi
nefdarsvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. apríl 2018

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999 (réttur til einbýlis og sambúðar við maka á öldrunarstofnunum), 178. mál.

Vísað er til tölvupósts frá velferðarráðuneytinu dags. 6. mars sl. þar sem Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (hér eftir nefnt „SFV“) er gefinn kostur á umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Frumvarpið kveður á um að við 1. mgr. 16. gr. laga um heilbrigðisþjónustu bætist eftirfarandi ákvæði:

Maki eða sambúðarmaki heimilismanns sem dvelst til langframa í hjúkrunarrými getur þó búið þar einnig ef aðstæður leyfa.

Öllum sem dveljast á hjúkrunar- og dvalarheimilum sem njóta daggjalda frá ríkinu skal standa einbýli til boða á viðkomandi stofnun.

Þá eiga eftirfarandi ákvæði að koma í 14. gr. laga um málefni aldraðra:

Við hönnun hjúkrunar- og dvalarrýma skal þess gætt að öllum íbúum sem óska eftir að búa í einbýli gefist kostur á því.

Heimilismaður sem dvelur til langframa á stofnun fyrir aldraða skal eiga kost á að vera samvistum við maka eða sambúðarmaka sinn þar þegar aðstæður leyfa. Maki skal greiða sanngjarna leigu vegna veru sinnar og greiða þann kostnað sem af dvöl hans hlýst. Maki skal eftir atvikum hafa aðgang að þjónustu stofnunarinnar gegn gjaldi. Maki samkvæmt þessum tölulið er undanþeginn færni- og heilsumati og skal eiga lögheimili utan stofnunarinnar. Maki eða sambúðarmaki getur dvalið á öldrunarstofnuninni í allt að átta vikur eftir fráfall heimilismanns. Á þeim tíma skal meta hvort forsendur eru fyrir áframhaldandi dvöl á stofnuninni og fellur dvalarréttur niður nema niðurstaða færni- og heilsumats skv. 15. gr. verði að forsendur séu fyrir áframhaldandi búsetu og öðlast þá viðkomandi sjálfstæðan rétt sem heimilismaður á stofnun fyrir aldraða.



Ráðherra setur reglugerð um dvöl maka og sambúðarmaka á öldrunarstofnunum þar sem m.a. skal tilgreina greiðslur, greiðslufyrirkomulag, réttindi, tryggingar og kostnaðarþátttöku ríkisins.

Ennfremur á að breyta 2. ml. 2. mgr. 15. gr. með þeim hætti að hún orðist svo:

Enginn getur dvalið til langframa í hjúkrunarrými eða dvalarrými án undangengins mats færni- og heilsufarsnefndar á þörf fyrir slika dvöl nema maki eða sambúðarmaki heimilismanns skv. 14. gr.

Þá er gert ráð fyrir að lagabreytingin taki gildi 1. janúar 2019, en hins vegar sett þetta ákvæði til bráðabirgða:

Öldrunarstofnanir skulu innan fimm ára frá gildistöku þessara laga geta boðið öllum sem þar dvelja upp á búsetu í einbýli. Innan árs frá gildistöku laga þessara skal ráðherra heilbrigðismála leggja fram áætlun sem gerir öldrunarstofnunum fært að uppfylla kröfuna um einbýli innan ofangreindra tímamarka.

SFV fagnar allri viðleitni Alþingis, sem og stjórnvalda almennt, til að stuðla að bættum aðbúnaðir á hjúkrunarheimilum, bæta lífsgæði aldraðra og draga úr þörf fyrir umönnun starfsmanna. Ljóst er að margt er hægt að bæta í þeim efnum. Hins vegar hafa vaknað ákveðnar spurningar og áhyggjur innan SFV varðandi þær tillögur sem er að finna í fyrirliggjandi frumvarpi.

Hvað varðar búsetu maka heimilismanns í hjúkrunarrými, eru helstu athugasemdir og áhyggjur SFV eftirfarandi:

1. *Kostnaðargreining, greiðslur og fyrirkomulag*

SFV hafa tekið þá grundvallarafstöðu að engar nýjar kröfur skulu lagðar á veitendur heilbrigðisþjónustu án þess að þær kröfur séu kostnaðargreindar og greitt fyrir þær eðlilegt endurgjald. Ekki er að sjá að þær viðbótarkröfur sem gerðar eru á heimilin séu kostnaðargreindar, heldur kemur einungis fram að maki skuli greiða þann kostnað sem af dvöl hans hlýst og hafi aðgang að þjónustu heimilisins gegn gjaldi. Er gert ráð fyrir að ráðherra útfæri fyrirkomulag nánar í reglugerð.

SFV telja það ótækt að útfærslan hvað þetta varðar sé ekki útlistuð nánar í lögnum sjálfum. Áhyggjur eru af því að kostnaður vegna þessa verði vanreknaður. Ljóst er að það eitt að geta boðið upp á þetta úrræði, án þess að það sé nokkurn tímamann nýtt, hefur ákveðinn kostnað í för með sér. Bara það að ráðstafa rými undir einstakling sem ekki er að nýta sér þá þjónustu sem veitt er, leiðir til þess að reksturinn verður óhagkvæmari. Kostnaðarmat á þessari aðgerð verður að liggja fyrir strax svo fjármögnun hennar verði tryggð.

Þá segir í frumvarpinu að heppilegast sé að maki heimilismanns hafi aðgang að heilbrigðisþjónustu á vegum hjúkrunarheimilisins, en ekkert er útlistað um fyrirkomulag þeirrar þjónustu. Í dag er kerfið þannig að niðurgreiðsla Sjúkratrygginga Íslands og fleiri aðila á ýmiskonar þjónustu fellur niður við það að einstaklingur flytur



inn á öldrunarstofnun. Ekki kemur fram hvernig þær reglur eiga að snúa að maka heimilismanns. Í dag fá hjúkrunarheimilin greitt daggjald fyrir hvern þann einstakling sem er í hjúkrunarrými. Greiðsluþáttur til heimilinna vegna hjúkrunarþjónustu tekur mið af RAI – matskerfi. Er hugmyndin að makarnir verði líka RAI – mældir og greitt í samræmi við það ? Ef ekki, er þá gert ráð fyrir að heimilin setji upp sérstakt greiðslukerfi fyrir maka heimilismanna ? Hvernig verður umönnunarþörf hans mæld ? Hvernig á að bregðast við ef heilsu makans hrakar verulega með stuttum fyrirvara ?

Margar fleiri spurningar vakna sem þarf að svara áður en hægt verður að samþykkja svona breytingu.

2. *Fagleg sjónarmið.*

Umraett fyrirkomulag getur leitt til þess að heilbrigðir einstaklingar telja sér skylt að fylgja mökum á sjúkrastofnanir þótt þeir hefðu ekki löngun til þess. Þessu til viðbótar eru áréttuð þau sjónarmið sem fram koma í skýrslu tilraunverkefnis sem nýlega var framkvæmt á Hrafnistu í Kópavogi. Þar var það samdóma álit þeirra stjórnenda og starfsmanna sem komu að verkefninu að þetta fyrirkomulag væri e.t.v. ekki heppilegt. Byggði sú afstaða einkum á áhyggjum af áhrifum dvalarinnar á þann maka sem fylgir heimilismanninum inn á heimilið. Þá eru áhyggjur af því að makinn fái sjálfur ekki næga hvíld og að aðstæður allar dragi úr hreyfingu og færni makans. Eru áhyggjur af því að makinn sjálfur einangrist. Þeir sem komu að verkefninu töldu mun vænlegri sú þróun sem hefur verið undanfarin ár þar sem hjón búa sithvoru megin við götu (eða tengibyggingu), annað í þjónustu – eða öryggisíbúð og hitt á hjúkrunarheimili. Þar eru aðilar nánast undir sama þaki og geta eytt eins miklum tíma saman og þau kjósa. Í þeim tilfellum getur makinn verið hjá heimilismanninum í matmálstímum og yfir daginn, í samræmi við vilja og löngun, en fær jafnframt sitt svigrúm og heldur sinni færni og sínu sjálfstæði.

3. *Álag á starfsfólk og viðkvæma starfsemi*

Talsvert álag er og hefur verið á hjúkrunarheimilum undanfarin ár vegna vanfjármögnumunar á rekstrinum og aukinnar hjúkrunarþyngdar heimilismanna. Fjölgun íbúa á hjúkrunarheimili hefur í för með sér aukið álag þrátt fyrir að umræddur heimilismaður sé tiltölulega heilsuhraustur og jafnvel þó svo hann greiði fyrir þann kostnað sem af honum hlýst.

4. *Skortur á hjúkrunarrýmum.*

Mikill skortur er á hjúkrunarrýmum inn á hjúkrunarheimilum í dag og biðlistar eftir hjúkrunarrýmum og dvalarrýmum eru langir. Mikill fráflæðisvandi er einnig hjá Landspítalanum, sem og öðrum heilbrigðisstofnunum, vegna þessa. Erfitt er að sjá að undir þessum kringumstæðum sé það skynsamleg aðgerð að ráðstafa plássi og þjónustu á hjúkrunarheimili til heilbrigðra einstaklinga.

Rétt er að árétta að hjón geta í dag búið saman á hjúkrunarheimilum, ef þau eru bæði með gilt færni – og heilsumat. Mörg hjúkrunarheimili eru með herbergi sem hægt er að opna á milli, eða tvíbýli sem hjón geta verið í. Er allt reynt til að koma til móts við óskir heimilismanna að þessu leyti.



Hvað varðar breytingar á tvíbýlum í einbýli telja SFV rétt að benda á eftirfarandi:

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að lagabreytingunni muni fylgja þörf fyrir breytingar á húsnæði. Kemur þar fram að „ætla megi“ að Framkvæmdasjóður aldraðra geti staðið undir þeim kostnaði á þeim fimm árum sem eru ætluð til endurbótanna. Að því tilefni er bent á að Framkvæmdasjóður aldraðra fjármagnar endurbætur og viðbyggingar við hjúkrunarheimili einungis að hluta. Miklir rekstrarörðugleikar hafa verið viðvarandi hjá hjúkrunarheimilum undanfarið sem leitt hefur til þess að hjúkrunarheimili hafa ekki fjármagn til að viðhalda húsnæði með eðlilegum hætti. Húsnæðið liggur því viðast hvar undir skemmdum og hefur ekki verið endurnýjað með reglubundnum hætti. Enn eru tvíbýli og þríbýli í notkun, þar sem ekki eru til staðar fjármunir til nauðsynlegra breytinga á húsnæði. Hjúkrunarheimilin hafa því ekki bolmagn til að fara í þessar framkvæmdir.

Þá er rétt að benda á að ekki einungis er kostnaðarsamt fyrir hjúkrunarheimili að fara í umræddar breytingar á húsnæði heldur verður rekstrarumhverfið erfiðara eftir breytingarnar þar sem tekjur minnka vegna fækkunar íbúa og þar að leiðandi færri daggjalda. Ekki er línulegt samhengi milli fækkunar íbúa og lækkun kostnaðar. Jafnframt þarf að skoða að bæta hjúkrunarheimilum tekjutap á með á framkvæmdum stendur. Ef loka þarf til dæmis 10 manna hjúkrunarálmu í 6 mánuði til að breyta húsnæði hjúkurnarheimilis er það tekjutap fyrir viðkomandi hjúkrunarheimili upp á um 54 milljónir króna.¹

Þá skal einnig bent á að fjármunir í Framkvæmdasjóð aldraðra eru af skornum skammti og mikil umræða verið um það undanfarið hvernig eigi að standa undir þeiri þörf sem er fyrir viðhald núverandi húsnæðis og nýbyggingar. Er ekki rétt að tryggja fyrst fjármögnun á þeim verkefnum? Auk þessa er mikill skortur til staðar á hjúkunarrýmum almennt og hefur Landspítalinn sem og fleiri aðilar kallað eftir hraðari uppbyggingu rýma vegna þessa. Réttara væri að forgangsraða fjármagni til að að taka á þeim skorti og fjölgja hjúkunarrýmum.

Eins og fram kemur í ofangreindum athugasendum eru mörg atriði sem þarf að skýra og skoða betur, áður en hægt yrði að fara í þessa lagabreytingu. Telur SFV nauðsynlegt að taka tillit til ofangreindra atriða áður en hægt er að samþykkja frumvarpið.

Óskar SFV jafnframt eftir því að við meðferð málsins fái fulltrúi samtakanna að koma fyrir fastanefnd þingsins og ræða nánar ofangreind atriði.

Virðingarfullst,
f.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Eyþjörg H. Hauksdóttir lögfr.

¹ Daggjald kr. 30.000 * 6 mánuðir * 30 dagar * 10 rými = 54.000.000.